

1. OKTÓBER 2007



AFLAHEFTI

---

# Fiskistofu

FISKVEIÐIÁRIÐ 1. SEPTEMBER 2006 – 31. ÁGÚST 2007

# Aflaheimildir

Í töflunni hér að neðan sést úthlutað aflamark (og krókaafلامark) fiskveiðisársins 2006/07, sérstakar úthlutanir og aflamark sem flutt var frá síðasta fiskveiðisári. Aflamark til ráðstöfunar sem leiðir af þessum þremur stærðum sést svo í 4. töludálki. Til samanburðar kemur svo fram í töflunni affli fiskveiðisársins í þessum tegundum. Næstu dálkar töflunnar sýna hvernig útgerðarmenn hafa nýtt innbyggðan sveigjanleika í aflamarkskerfinu til að laga aflann að aflaheimildum fiskveiðisársins.



## Aflaheimildir fiskveiðisárið 2006/07

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarks- og krókaafلامarksskip					Aflamark		Afli
	Úthlutað aflamark	Sérstakar úthlutanir	Frá fyrra ári	Aflamark alls	Afli	Til næsta árs	Tilfærsla	Utan aflamarks
Porskur	184,2	3,6	4,4	192,3	186,8	11,0	0,0	-5,5
Ýsa	100,3	1,4	9,9	111,6	100,3	13,9	0,0	-2,9
Ufsi	77,7	1,0	5,9	84,6	66,7	13,6	4,6	-0,23
Karfi	57,0	0,0	6,0	63,0	59,0	6,4	2,7	-0,03
Langa	5,0	0,0	0,3	5,3	6,6	0,7	2,0	0,03
Keila	5,0	0,0	0,1	5,1	6,3	0,5	1,6	-0,04
Steinbitur	11,7	0,2	0,7	12,6	15,8	1,1	3,8	-0,59
Skötuselur	3,0	0,0	0,3	3,3	2,7	0,5	-0,1	0,04
Grálúða	15,0	0,0	2,4	17,5	10,0	4,7	-2,8	-0,01
Skarkoli	6,0	0,1	0,3	6,4	6,2	0,7	0,6	0,11
Þykkvalúra	2,0	0,0	0,1	2,1	3,0	0,2	1,1	0,1
Langlúra	2,4	0,0	0,1	2,5	2,2	0,3	0,0	0,01
Sandkoli	2,0	0,0	0,6	2,6	0,8	0,8	-1,1	-0,22
Skrápflúra	1,5	0,0	0,5	2,0	0,3	0,7	-1,1	-0,1
Síld	130,0	0,4	7,8	138,2	135,3	2,9	0,0	0
Humar	1,8	0,0	0,0	1,8	1,9	0,0	0,0	0
Úthafsrækja	7,0	0,0	1,9	8,9	1,9	7,0	0,0	0
Innfjarðarækja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0

Í aðalatriðum var affli fiskveiðisársins 2006/07 nokkuð innan við aflamark ársins. Affli íslenska þorsksins var 186,8 þúsund tonn en aflamark 192,3 þúsund tonn. 11 þúsund tonna aflaheimildir í þorski eru fluttar til fiskveiðisársins 2007/08 sem er meira en mörg undanfarin fiskveiðisár. Skýringin getur verið að aðilar spari aflamark fyrra árs vegna skerðingar sem verður í aflaheimildum á þorski á næsta fiskveiðisári.

Dálkurinn „Tilfærsla“ sýnir nýtingu heimildar til að skipta aflamarki í einni botnfisktegund í aflamark í annarra botnfisktegund. Skiptigildið ræðst af þorskigildisstuðlum tegundanna. Vegna markaðsverðmætis aflamarks í þorski þá er þorskur sjaldan nýttur í tilfærslu í aðrar tegundir og aflamarki annarra botnfisktegunda má ekki breyta í þorsk. Af þessu leiðir að tegundatilfærsla í þorski er oftast lítil. Auk mismunar þorskafila og aflaheimilda í þorski þá leiða undanþágur frá aflamarkskerfinu til þess að hægt er að flytja verulegt aflamark í þorski til næsta fiskveiðisárs. Vegna undanþáganna reiknaðist 5,5 þúsund tonna þorskafli á fiskveiðisárinu 2006/07 ekki til aflamarks. Þar vega þyngst 2,5 þúsund tonna línuvílnun, 1,8 þúsund tonn af undirmálsþorski og 1,7 þúsund tonn sem eyrnamerkt voru Verkefnasjóði sjávarútvegsins en 0,5 þúsund tonn vegna útflutningsálags vógu upp á móti þorskafila sem ekki reiknaðist til aflamarks.

Tegundatilfærslur fiskveiðisársins 2006/07 eins og oft áður voru mestar í ufsa og grálúðu. Vegna tregrar veiði féllu 1,8 þúsund tonn af ufsa og 1,7 þúsund tonn af grálúðu á nýliðnu fiskveiðisári.

Veiðitímabil loðnu markast ekki af fiskveiðisári. Þess vegna kemur aflamark í loðnu ekki fram í töflunni. Aflamark í tegundum sem veiðum er stjórnað í samvinnu við önnur ríki er heldur ekki sett fram í töflunni þar sem veiðitímabil þeirra er annað en fiskveiðisárið. Það eru kolmunnir, úthafskarfi, Norðúrífshafsporskur, norsk-íslensk síld og rækja af Flæmingjagrunni en þessar tegundir eru bundnar aflamarki.

Í dálkinum „sérstakar úthlutanir“ eru bætur vegna skerðingar afila í hörpudiski og innfjarðarækju, aflamark vegna rannsókna, aflamark til stuðnings byggðarlögum, aflamark til krókaafلامarksbáta o.fl.).

# Afli eftir skipaflokkum

Taflan til hægri sýnir afla íslenskra skipa af öllum veiðisvæðum eftir skipaflokkum fiskveiðiárið 2006/07.

Flokkun í togara, báta og smábáta byggir á stærð og gerð skipanna og helstu veiðiaðferð. Í töflunni eru talin til togara stór fjölveiðiskip, sem beitt er jöfnum höndum til veiða með rækjuvörpu og til veiða uppsjávarfiska með nót og flotvörpu. Skipting í báta og smábáta á aflamarki miðast við lengd bátanna. Bátar lengri en 15 m eru taldir „bátar“ en bátar styttri en 15 m teljast „smábátar“.

Heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2006/07 var 1.420,3 þúsund tonn. „Bátar“ veiddu mestan afla eða 835,3 þúsund tonn eða 58,8% af heildarafla íslenskra skipa. Togarar voru með 503,8 þúsund tonna afla, smábátar undir aflamarki lönduðu 11,9 þúsund tonnum og krókaaflamarksbátar með 69,3 þúsund tonn. Uppsjávartegundir veiga að venju þyngst í afla „báta“. Þorskur og ýsa eru uppistaðan í afla minni báta, en afli togara er fjölbreyttari. Að því er varðar aflaverðmæti togara vegur þyngst afli þorsks, karfa, ufsa og ýsu.

Kökuritín hér á síðunni sýna hvernig aflinn skiptist hlutfallslega í botnfisk, uppsjávarfisk og krabbadýr. Af heildaraflanum voru 63,6% uppsjávarfiskur, 35,7% voru botnfisktegundir og krabbadýr voru 0,7% heildaraflans. Einnig má sjá þarna hver skipting aflans var eftir bátum, togurum og smábátum. Afli krókaaflamarksbáta samanstóð eingöngu af botnfisktegundum.


Sóknardagakerfið hefur verið lagt af.

## Afli fiskveiðiárið 2006/07 eftir skipaflokkum

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarksskip				Samtals
	Bátar	Togarar	Smábátar	Króka-aflamark	
Þorskur	73,2	70,3	8,3	35,0	186,8
Norðurishafsporskur	6,6	0,0	0,0	0,0	6,6
Ýsa	36,3	39,9	1,4	22,8	100,3
Ufsi	55,1	9,0	0,5	2,2	66,7
Karfi	52,2	6,5	0,0	0,5	59,2
Úthafskarfi	20,6	0,0	0,0	0,0	20,6
Steinbítur	3,9	6,1	0,3	5,6	15,8
Grátúða	9,4	0,6	0,0	0,0	10,0
Skarkoli	0,8	5,1	0,2	0,1	6,2
Annar flatfiskur	1,0	6,1	0,0	0,1	7,2
Annar botnfiskur	9,0	14,6	0,9	3,0	27,6
<b>Samtals botnfiskur</b>	<b>267,9</b>	<b>158,3</b>	<b>11,6</b>	<b>69,2</b>	<b>507,1</b>
Síld	40,3	95,1	0,0	0,0	135,3
Norsk - íslensk síld	49,9	133,4	0,0	0,0	183,3
Loðna	74,3	233,4	0,0	0,0	307,7
Kolmunnur	60,0	181,6	0,0	0,0	241,6
Makrill	10,1	25,9	0,0	0,0	36,0
<b>Samtals uppsjávarfiskur</b>	<b>234,6</b>	<b>669,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>904,0</b>
Humar	0,2	1,7	0,0	0,0	1,9
Rækja	0,4	1,5	0,0	0,0	1,9
Rækja af Flæmingjagrunni	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	0,8	4,2	0,3	0,1	5,4
<b>Heildarafli</b>	<b>503,8</b>	<b>835,3</b>	<b>11,9</b>	<b>69,3</b>	<b>1420,3</b>

Hlutfall afla hvers skipaflokks upp úr sjó ( ■ Botnfiskur ■ Uppsjávarfiskur ■ Krabbadýr )



# Fimm fiskveiðiár

## Afli í helstu fisktegundum

Í töflu að neðan kemur fram afli íslenskra skipa í helstu tegundum fiskveiðiarin 2002/03–2006/07.

Heildaraflinn á nýliðnu fiskveiðiári var 1.420,3 þúsund tonn sem er um 10% aukning frá fiskveiðiarinu 2005/06 sem var minnsti afli á heilu fiskveiðiári síðan farið var að miða stjórn fiskveiða við tímabilið frá 1. september til 31. ágúst í byrjun árs 1991.

Vegna minni afla þorsks og ufsa dróst botnfiskafli verulega saman á fiskveiðiarinu 2006/2007 frá fyrra fiskveiðiári. Afli annarra botnfisktegunda var svipaður og síðustu tvö fiskveiðiárin á undan.

Rækjuveiðar eru enn í mikilli lægð. Á

síðasta fiskveiðiári var rækjuafllinn á heimamiðum 1,9 þúsund tonn sem þó er umtalsverð aukning frá 1 þúsund tonna afla fiskveiðisins 2005/06. Þetta er afar lítil afli í sögulegu samhengi því fyrir rúmum áratug varð rækjuafllinn mestur 95,1 þúsund tonn, fiskveiðiárið 1995/96 og aflaverðmæti rækjunnar var þá fimmtungur af heildaraflaverðmæti íslenskra skipa. Eins og undanfarin ár lá hörpudiskveiði niðri og hafa hörpudiskveiðar ekki verið stundaðar hér við land síðan fiskveiðiárið 2001/02.

Uppsjávarafli jókst verulega á síðasta fiskveiðiári frá því sem var árið áður. Sérstaklega var mikil aukning í afla Suðurlandssíldarinnar sem var 135,3

þúsund tonn en aflinn var 103 þúsund tonn 2005/06. Afli jókst einnig í norsk-íslenska síldarstofninum og var aflinn 183,3 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiári en 129,4 þúsund tonn árið þar áður. Mesta athygli vekur samt gríðarleg aukning í makrílafa. Afli makríls á síðasta fiskveiðiári var 36 þúsund tonn sem er margföldun í aflamagni frá árinu áður. Makríllinn fékkst sem meðafli í veiðum á norsk-íslenski síld.




## Afli íslenskra skipa fiskveiðiarin 2002/03–2006/07

Þús. tonn

Afli upp úr sjó	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07
Þorskur	196,6	219,4	209,2	201,8	186,8
Barentshafsporskur	7,2	4,8	7,5	5,0	6,6
Ýsa	55,7	78,5	97,4	100,4	100,3
Ufsi	47,6	56,3	71,0	78,2	66,7
Karfi	64,9	49,7	60,9	56,5	59,2
Úthafskarfi	47,5	40,0	17,6	22,5	20,6
Steinbitur	17,0	13,3	14,2	16,5	15,8
Grátúða	20,3	15,8	13,0	12,7	10,0
Skarkoli	5,4	5,9	6,2	5,7	6,2
Annar flatfiskur	11,0	10,8	9,5	7,6	7,2
Annar botnfiskur	18,5	20,1	21,5	25,4	27,6
<b>Samtals botnfiskur</b>	<b>491,7</b>	<b>514,5</b>	<b>528,9</b>	<b>536,2</b>	<b>507,1</b>
Síld	96,1	125,7	114,2	103,0	135,3
Norsk - íslensk síld	123,2	89,0	141,2	129,4	183,3
Loðna	727,9	517,5	602,2	193,5	307,7
Kolmurni	397,1	492,0	365,0	319,7	241,6
Makríll	0,1	0,0	0,4	4,0	36,0
<b>Samtals uppsjávarfiskur</b>	<b>1344,3</b>	<b>1224,2</b>	<b>1222,7</b>	<b>745,7</b>	<b>904,0</b>
Humar	1,7	1,5	1,9	1,9	1,9
Rækja	26,7	19,3	5,8	1,0	1,9
Rækja af Flæmingjagrunni	5,1	3,9	4,0	3,8	0,0
Hörpudiskur	4,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	14,4	12,1	5,8	2,1	5,4
<b>Heildarafli</b>	<b>1888,5</b>	<b>1775,5</b>	<b>1768,6</b>	<b>1290,8</b>	<b>1420,3</b>

## Makrílafi íslenskra skipa fiskveiðiarin 2002/03–2006/07



# Veiðarfæraskipting

## Skipting afla eftir veiðarfærum

Taflan að neðan sýnir skiptingu afla í tegundum, sem bundnar eru aflamarki, eftir helstu veiðarfærum fiskveiðiarin 2002/03–2006/07. Afliinn er reiknaður til þorskígilda samkvæmt þorskígildisstuðlum hvers fiskveiðiárs.

Þorskígildi tegundar lýsir í megindráttum aflaverðmæti hennar. Upplýsingar í töflu ná til meira en 95% af verðmæti heildarafla þessara fiskveiðiára.

Á síðasta fiskveiðiári urðu nokkrar breytingar á afla eftir veiðarfærum. Undanfarin ár hefur botnvarpan verið mikilvægasta veiðarfærið. Þó hlutfall botnvörpu í heildaraflaverðmæti hafi dregist nokkuð saman frá síðasta fiskveiðiári þá er hún áfram langmikilvægasta veiðarfæri íslenskra skipa. Á fiskveiðiárinu 2005/06 var hlutur botnvörpunnar 45% en á nýliðnu fiskveiðiári féll hlutfall botnvörpu í 40,2% sem er lægsta hlutfall botnvörpu í aflaverðmæti síðan fiskveiðiárið 1997/98. Talsverð aukning var í „önnur veiðarfæri“ eða úr 14,3% í 24,2% milli síðustu tveggja fiskveiðiára. Í þennan flokk veiðarfæra var flotvarpan með langstærstan hlut eða 20% en mikill hluti aflu uppsjávartegunda og mestallur afli úthafskarfa er veiddur í flotvörpu.

Talsverðar sveiflur hafa verið í hlutfeld veiðarfæra í afla síðustu ár. Sveiflurnar stafa að nokkru af breytingum þorskígildisstuðla milli ára.

## Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda







Í meðfylgjandi kökuritum er sýnd veiðarfæraskipting aflu helstu botnfisktegundanna fiskveiðiárið 2006/07. Veiðar nokkurra fisktegunda hafa oft verið bundnar tilteknum veiðarfærum. Til dæmis hefur stærsti hluti af afla kola verið veiddur í dragnót og ufsi í botnvörpu, T.a.m. var 85,7% afla ufsa veiddur í botnvörpu á nýliðnu fiskveiðiári.

Verulegar breytingar hafa hins vegar orðið á steinbitsafla eftir veiðarfærum. Fyrir fáeinum árum var rúmlega 65% aflans veiddur með línu en á síðasta ári var meira af steinbít veitt í botnvörpu en á

línu. Annars breytist hlutfall aflu einstakra tegunda eftir veiðarfærum ekki verulega undanfarin ár, þó er greinilegt að hlutfeld línu í þorskafla hefur vaxið verulega undanfarin fiskveiðiár eða úr 21% fiskveiðiárið 2000/01 í 35% í ár. Að sama skapi minnkar vægi neta í þorskafla.

## Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda fiskveiðiárið 2006/07

■ Botnvarpa ■ Net ■ Handfæri  
■ Dragnót ■ Lína ■ Önnur veiðarfæri



## Veiðarfæraskipting aflu íslenskra skipa fiskveiðiárin 2002/03–2006/07

Þorskígildi hvers árs %	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07
Botnvarpa	40,4%	41,5%	43,2%	45,0%	40,0%
Dragnót	5,7%	6,8%	6,7%	6,5%	3,6%
Handfæri	3,1%	2,9%	1,7%	1,4%	0,9%
Lína	12,5%	15,7%	17,6%	22,1%	18,4%
Net	7,8%	8,5%	7,9%	6,1%	4,9%
Nót	6,7%	6,6%	7,9%	4,5%	8,0%
Annað	23,9%	18,0%	18,0%	14,3%	24,2%
	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>


# Afli þorsks sem landað var óslægðum eftir veiðarfærum og mánuðum

Um 1970 var mestum hluta þorskaflla landað óslægðum. Það helgaðist af vægi vetrarvertíðar og netaveiða í þorskaflla ársins. Eftir því sem dró úr netaveiðum á vetrarvertíð þá lækkaði hlutfall óslægðs þorsks í lönduðum afla. Á síðasta fiskveiðiári var landað 49,9 þúsund tonnum af óslægðum þorski eða 26,7% heildarafla í þorski.

Krókaafلامarksbátar hafa undanfarin ár veitt bróðurpart þess þorskaflla sem landað var óslægðum. T.a.m. veiddu krókabátar stærstan hluta 31,3 þúsund tonna sem landað var af óslægðum þorski sem fékkst á línu á fiskveiðiárinu 2006/2007 og 4 þúsund tonna sem veidd voru á handfæri.

Magn landaðs óslægðs þorsks sem veiddur var í net er hinsvegar orðið lítilfjórlegt miðað við það sem var. Samkvæmt töflu að neðan var landað tæplega 8,5 þúsund tonnum af óslægðum netaþorski á fiskveiðiárinu 2006/2007.

Á síðustu fiskveiðiárum hafa orðið umtalsverðar breytingar á magni landaðs óslægðs þorsks eftir veiðarfærum. Á nýliðnu fiskveiðiári var hlutur línu 62,8% en var 45% fiskveiðiárið 1998/99. Hlutur handfæris hefur minnkað verulega, úr 22,8% fiskveiðiárið 1998/99 niður í 8,2% á nýafstöðnu fiskveiðiári.



## Landanir á óslægðum þorski fiskveiðiárið 2006/07

Veiðarfæri	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	Tonn alls
Botnvarpa	0	0	0	0	0	45	0	3	15	23	2	1	89
Dragnót 135mm	390	457	431	243	299	687	1.109	669	1.000	244	150	156	5.836
Grásleppunet	0	0	0	0	0	0	64	29	5	0	0	0	99
Handfæri	199	114	27	6	3	15	128	169	731	1.269	1.022	386	4.069
Lína	1.694	2.230	2.235	2.456	2.951	3.637	2.938	2.820	3.943	2.742	1.915	1.768	31.329
Net	58	96	158	161	468	1.786	3.598	1.287	512	121	163	58	8.466
Ýmis veiðarfæri	0	7	6	1	0	2	0	0	0	7	5	4	32
<b>Tonn alls</b>	<b>2.342</b>	<b>2.905</b>	<b>2.856</b>	<b>2.867</b>	<b>3.721</b>	<b>6.172</b>	<b>7.838</b>	<b>4.978</b>	<b>6.205</b>	<b>4.406</b>	<b>3.257</b>	<b>2.373</b>	<b>49.920</b>



# Flutningur aflahlutdeilda og aflamarks

Tafla til hægri sýnir flutning aflahlutdeilda milli skipa fiskveiðiárin 2002/03-2006/07. Talsverð aukning var á flutningi aflahlutdeilda milli skipa á nýliðnu fiskveiðiári frá fiskveiðiárinu 2005/06. Líklegt er að stórfelld fækkun skipa og fyrirjáanlegur samdráttur aflaheimilda skýri aukinn flutning aflahlutdeilda milli skipa á síðasta fiskveiðiári.

Tafla að neðan sýnir flutning aflamarks milli skipa fiskveiðiárin 2004/2005-2006/2007 og sundurliðun viðskiptanna 2006/2007. Flutt aflamark sem hlutfall af heildaraflamarki hefur aukist verulega síðustu fiskveiðiár.



## Flutningur aflamarks fiskveiðiárið 2006/07

	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskýldra aðila	Fiskveiðiárið 2006/07 Flutningur samtals	Fiskveiðiárið 2005/06 Flutningur samtals	Fiskveiðiárið 2004/05 Flutningur samtals
Þorskur	32.941	55.210	88.151	94.324	91.463
Ýsa	30.123	46.863	76.985	69.958	54.670
Úfsi	33.154	29.474	62.627	55.404	44.147
Karfi	27.742	22.506	50.248	50.363	48.407
Langa	2.669	1.943	4.612	3.415	2.467
Keila	4.352	1.615	5.968	3.696	2.422
Steinbítur	3.579	10.444	14.023	13.674	13.076
Skötuselur	556	2.582	3.138	2.201	1.812
Grálúða	7.640	4.434	12.074	12.746	16.712
Skarkoli	2.029	4.477	6.506	5.147	4.379
Þykkvalúra	668	1.301	1.969	1.744	1.432
Langlúra	886	887	1.774	1.336	1.322
Sandkoli	999	708	1.707	3.442	3.617
Skráplúra	953	783	1.737	3.376	5.142
Sild	40.261	33.668	73.929	45.000	55.335
Loðna	66.771	30.387	97.158	56.000	148.751
Humar	282	227	509	358	442
Úthafs-rækja	2.501	5.784	8.285	12.380	16.724
Innfjarðarrækja	0	0	0	0	100
Hörpudiskur	0	0	0	0	0

*Ofangreindar tölur miðast við lestir. Aflamark miðast við slægðan fisk þar sem við á. Um veltutölur er að ræða.*

## Flutningur aflahlutdeilda milli fiskiskipa fiskveiðiárin 2002/03-2006/07

	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07
Þorskur	21,3%	19,9%	19,8%	18,3%	25,8%
Ýsa	23,1%	25,0%	30,7%	27,3%	32,7%
Úfsi	21,0%	17,4%	24,7%	21,6%	31,1%
Karfi	14,1%	18,6%	33,2%	30,5%	34,9%
Langa	23,6%	22,9%	31,9%	17,2%	46,8%
Keila	27,2%	27,4%	54,6%	10,2%	71,6%
Steinbítur	32,4%	25,6%	36,6%	24,6%	44,6%
Skötuselur	48,9%	27,2%	27,4%	14,1%	53,3%
Grálúða	24,7%	17,3%	7,3%	19,5%	29,3%
Skarkoli	21,0%	15,2%	23,1%	12,1%	43,9%
Þykkvalúra	20,4%	18,4%	24,3%	17,0%	33,0%
Langlúra	7,2%	7,0%	6,0%	5,7%	30,7%
Sandkoli	28,5%	16,6%	24,8%	25,2%	37,2%
Skráplúra	9,6%	30,0%	18,0%	9,7%	25,7%
Sild	17,1%	33,5%	18,7%	2,2%	56,7%
Loðna	11,7%	10,9%	16,7%	7,9%	38,7%
Humar	10,9%	27,6%	10,4%	7,4%	24,6%
Úthafs-rækja	30,3%	43,5%	32,1%	44,1%	30,2%

*Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.*





# AFLAHEFTI Fiskistofu

Hér eru teknar saman bráðabirgðatölur um veiðar og afla Íslendinga á nýliðnu fiskveiðarári og samanburður gerður við fyrri fiskveiðarár. Þessar tölur kunna að breytast þegar endanlegar tölur Hagstofu um afla liggja fyrir síðar. Vakin er sérstök athygli á að aflatölurnar miðast við fiskveiðarár, þ.e. tímabilið 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfirði  
Sími 569 7900 • Fax 569 7991  
[www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)